

FUNDARGERÐ

164. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 15. desember 2009 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamenn fræðslunefndar.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Á fundinn eru mætt: Halla Ólafsdóttir deildarstjóri leikskóla, Kristinn Jóhann Níelsson deildarstjóri tónskóla, Anna Björnsdóttir deildarstjóri grunnskóla, Gunnar Halldórsson fulltrúi grunnskólakennara, Æsa Gísladóttir fulltrúi foreldraráðs grunnskóla.

Magnús Sæmundsson, Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir og Victoria Jónsson boða forföll. Guðný Sigurðardóttir boðar ekki forföll.

1. Niðurstöður sjálfsmats.

Anna Björnsdóttir gerir grein fyrir niðurstöðum sjálfsmats meðal starfsmanna allra deilda og sjálfsmats vegna nemendakönnunar.

2. Bréf menntamálaráðuneytisins dags. 16. nóvember 2009.

Efni: Fjöldi skóladaga í grunnskólum skólaárið 2008-2009

Skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands skulu skóladagar nemenda á hverju skólaári vera eigi færri en 180.

Samkvæmt upplýsingum frá Grunnskóla Mýrdalshrepps voru ákvæði um fjölda skóladaga á ári ekki uppfyllt að öllu leyti í 1. – 10. bekk skólans. Skóladagar voru 176.

Þorgerður og Anna svara bréfinu.

3. Menntastefna.

Formaður gerði grein fyrir framkvæmdaáætlun nefndarinnar.

Tölvupóstur verður sendur til foreldra/starfsmanna í annarri viku í janúar 2010 og minnt á í Vitanum viku seinna.

Áætlaður er kynningarfundur í lok janúarmánaðar.

Skólaráð fær stefnuna til umfjöllunar um miðjan febrúar.

Menntastefna sveitarfélagsins tekur gildi 18. mars 2010

4. Fjárhagsáætlun 2010

Sveitarstjóri gerir grein fyrir stöðu mála.

Í leikskóla er gert ráð fyrir 30 börnum, 6,65 stöðugildum auk einnar stöðu við sérstakan stuðning. Gert er ráð fyrir vísitöluhækkun á vistunargjöld.

Vegna list- og verkgreinastofu og endurnýjunar á leikföngum er gert ráð fyrir 150.000

Í grunnskólanum er gert er ráð fyrir að úthlutaðir tíma verði 235 þar af um 30 vegna sérkennslu. Stöðugildi kennara eru 9,9 og stöðugildi annarra starfsmanna 4,8.

Í grunnskólanum er gert ráð fyrir tölvukaupum og kaupum á tölvuborðum að upphæð ca. 1.500.000

Í tónskólanum er gert ráð fyrir 2 stöðugildum við skólann eins og verið hefur.

Einnig er gert ráð fyrir endurnýjun gagna og hljóðnema að upphæð 100.000.

Á fundi stjórnenda Víkurskóla þann 23.11.2009 var m.a. ákveðið að draga saman seglin og sýna aðhald.

Fræðslunefnd samþykkir fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.

5. Önnur mál.

Anna Björnsdóttir kynnti samstarf nemenda 7. -8. bekkja Víkurskóla við nemendur sömu bekkja Kirkjubæjarskóla. Farið var í heimsókn á Kirkjubæjarklaustur og von er á nemendum Kirkjubæjarskóla í heimsókn í Víkurskóla.

Anna Björns sýndi tillögu að breyttu merki Víkurskóla.

Anna Björns sagði frá því að settur hefði verið saman kór starfsmanna Víkurskóla og heimsótti kórinn dvalarheimilið Hjallatún .

Anna Björns sagði einnig frá Mentor-námskeiði sem haldið var í s.l. viku.

Kristinn sagði frá jólatónleikum í félagsheimilinu Leikskálum sem haldnir voru 5. desember s.l. og Lúsíutónum sem haldnir voru í Víkurkirkju sunnudaginn 13. desember s.l.. Í framhaldi fóru „Lúsíurnar“ í heimsókn á dvalarheimilið Hjallatún og sungu fyrir vistmenn.

Halla upplýsti að búið væri að ráða 2 starfsmenn á leikskólann, þau Þorgils Hauk Gíslason og Guðrúnu Maríu Jóhannsdóttur. Koma þau í stað starfsmanna sem hættu annars vegar 12. desember og um áramótin.

Halla upplýsti einnig samstarf milli elstu árganga leikskólans og yngstu árganga grunnskólans sem hefjast mun á nýju ári.

Jólaskemmtanir eru fyrirhugaðar í vikunni í Víkurskóla.

Fundi slitið kl.17:10

Guðný Sigurðardóttir	Þorgerður Einarsdóttir formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
Inger Schiöth		Lára Oddsteinsdóttir